

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 213/2009

2011/EES/5/46

frá 18. mars 2009

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð (EB) nr. 1003/2005 að því er varðar varnir og prófanir með tilliti til salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og kalkúnum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 5. gr. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripid sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem stafar af þeim fyrir lýðheilsu.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003 gilda sértækar kröfur fyrir hópa undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* hvenær sem tiltekin greining á sýnum bendir til að *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* finnist í slíkum hópum. Tilgangurinn með þessum kröfum er að koma í veg fyrir að smit berist í framleiðsluferlið fyrir egg og holdakjúklingakjöt, nánar tiltekið frá undaneldisdýrum til afkvæma þeirra. Gera skal svipaðar kröfur um framleiðslu á kalkúnum til að koma í veg fyrir að smit berist í framleiðsluferli kalkúnakjöts. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2160/2003 til samræmis við það.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í alifuglahópum af tegundinni *Gallus gallus* <sup>(2)</sup>, er mælt fyrir um markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna tegunda *Salmonella* í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*. Að auki er í viðaukanum við þá reglugerð sett fram prófunarkerfi sem nauðsynlegt er til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins.
- 4) Samkvæmt 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1003/2005 skal framkvæmdastjórnin endurskoða markmið Bandalagsins í ljósi niðurstaðna eftir fyrsta framkvæmdarár landsbundnu varnaráætlanna, sem samþykktar voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003. Árið 2007 var fyrsta framkvæmdarárið.
- 5) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma, sem berast í fólki <sup>(3)</sup>, hafa aðildarríkin sent framkvæmdastjórninni niðurstöður úr vöktun sinni fyrir árið 2007. Í ljósi þessara niðurstaðna virðist ekki nauðsynlegt að breyta markmiði Bandalagsins.
- 6) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að rádstafa fjármagni á skilvirknan hátt skal heimila aðildarríkjum, sem hafa náð markmiði Bandalagsins, að draga úr tíðni opinbers eftirlits. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1003/2005 til samræmis við það.
- 7) Endurskoðun á prófunarkerfinu, sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1003/2005, leiddi í ljós erfiðleika við framkvæmd leiðbeininga um sýnatöku og nýjar upplýsingar hafa komið fram um næmi prófunarkerfa. Því ber að breyta prófunarkerfinu.
- 8) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2160/2003 og 1003/2005 til samræmis við það.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12.

(3) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar og 1. liðar:

**„C. Sértaekar kröfur varðandi hópa undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og kalkúna til undaneldis**

1. Grípa skal til ráðstafananna, sem mælt er fyrir um í 3. til 5. lið, ef greining á sýnum, sem tekin eru í samræmi við B-hluta eða í samræmi við prófunarkerfin sem sett eru fram í

viðaukunum við reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 <sup>(<sup>1</sup>)</sup> og (EB) nr. 584/2008 <sup>(<sup>2</sup>)</sup>, bendir til að *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* finnist í hópi undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* eða í kalkúnum til undaneldis við þær kringumstæður sem settar eru fram í 2. lið.

<sup>(<sup>1</sup>)</sup> Stjótó. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12.

<sup>(<sup>2</sup>)</sup> Stjótó. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 3. “

*2. gr.*

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1003/2005 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði 2. gr. gilda frá 1. apríl 2009 og 1. gr. frá 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

## VIDAUKI

## „VIDAUKI

**Prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins um að draga úr *Salmonella enteritidis*, *Salmonella hadar*, *Salmonella infantis*, *Salmonella typhimurium* og *Salmonella virchow* í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus***

## 1. SÝNATÖKURAMMI

Sýnatökuramminn skal taka til allra hópa fullorðinna alihænsna af tegundinni (*Gallus gallus*) til undaneldis sem samanstanda af a.m.k. 250 fuglum (hópar undaneldisfugla).

## 2. VÖKTUN Í HÓPUM UNDANELDISFUGLA

## 2.1. Staður, tíðni og staða sýnatöku

Taka skal sýni úr hópum undaneldisfugla að frumkvæði stjórnandans og sem lið í opinberu eftirliti.

## 2.1.1. Sýnataka að frumkvæði stjórnanda

Sýnataka skal fara fram á tveggja vikna fresti á öðrum þeirra staða sem lögbært yfirvald hefur tilnefnt til þess, annaðhvort:

- a) í útungunarstöðinni eða
- b) á bújörðinni.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða að nota annan hvorn kostinn sem um getur í a-lið eða b-lið fyrir öll prófunarkerfin fyrir alla undaneldishópa holdakjúklinga og annan þessara kosta fyrir hópa undaneldisvarphæna. Sýnataka á bújörðum, sem aðallega flytja út eða stunda viðskipti með útungunaregg við önnur aðildarríki, skal alltaf fara fram á bújörðinni. Lögbært yfirvald skal koma á þeirri verklagsreglu að ef sermigerðir salmonellu, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. (hér á eftir nefnt „viðkomandi salmonella“), finnast við sýnatöku, sem er að frumkvæði stjórnandans, skal rannsóknarstofan, sem framkvæmir greininguna, tilkynna lögbæru yfirvaldi tafarlaust um það. Það er á ábyrgð stjórnandans og rannsóknarstofunnar, sem framkvæmir greininguna, að tilkynna tímanlega um greiningu á salmonellu, þ.m.t. sermigerð hennar.

Þrátt fyrir þetta er lögbæru yfirvaldi heimilt að eigin vild, ef markmið Bandalagsins hefur náðst í a.m.k. tvö almanaksár samfelld, að lengja tímann milli sýnatöku á bújörðinni þannig að hún sé gerð með þriggja vikna millibili. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að hverfa aftur til sýnatöku með tveggja vikna millibili ef hópur á bújörðinni greinist jákvæður, og/eða í öðrum tilvikum sem lögbært yfirvald telur rétt að gera það.

## 2.1.2. Sýnataka vegna opinbers eftirlits

Með fyrirvara um hluta C.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2130/2003 skal opinber sýnataka felast í:

## 2.1.2.1. Ef sýnataka, sem er að frumkvæði stjórnandans, á sér stað í útungunarstöðinni:

- a) venjubundinni sýnatöku í útungunarstöðinni með 16 vikna millibili og
- b) venjubundinni sýnatöku á bújörðinni tvisvar í framleiðsluferlinu, þá fyrri innan fjögurra vikna frá því að varpskeið hefst eða eftir flutning í varpeiningu og þá síðari nálægt lokum varpskeiðsins, í fyrsta lagi átta vikum fyrir lok framleiðsluferlisins,
- c) sýnatöku til staðfestingar á bújörðinni eftir að viðkomandi salmonella hefur greinst í sýnum frá útungunarstöðinni.

## 2.1.2.2. Ef sýnataka, sem er að frumkvæði stjórnandans, á sér stað á bújörðinni skal venjubundin sýnataka fara fram þrisvar í framleiðsluferlinu:

- a) innan fjögurra vikna frá því að varpskeið hefst eða eftir flutning í varpeingu,
- b) nálægt lokum varpskeiðsins, í fyrsta lagi átta vikum fyrir lok framleiðsluferlisins,

- c) meðan á framleiðslu stendur, á einhverjum tímapunkti sem er nægilega langt í tíma frá sýnatökunni sem um getur í a- og b-lið.

2.1.2.3. Þrátt fyrir 2.1.2.1. og 2.1.2.2. lið og ef markmið Bandalagsins hefur náðst í a.m.k. tvö almanaksár í röð getur lögbært yfirvald látið eftirfarandi sýnatöku koma í stað venjubundinnar sýnatöku:

- a) einu sinni á bújörðinni, hvenær sem er í framleiðsluferlinu, og einu sinni á ári í útungunarstöðinni eða
- b) tvisvar sinnum á bújörðinni, hvenær sem er í framleiðsluferlinu með nægilega löngu millibili.

Sýnataka, sem lögbært yfirvald framkvæmir, má koma í stað sýnatöku að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis.

## 2.2. Aðferðalýsing við sýnatöku

### 2.2.1. Sýnataka í útungunarstöðinni

Taka skal a.m.k. eitt sýni fyrir hvern hóp undaneldisfugla í hvert skipti sem sýni eru tekin. Skipuleggja skal sýnatöku á klakdegi þegar hægt er að taka sýni úr öllum hópum undaneldisfugla og allt efni úr öllum útungunarvélum, sem klaktir ungar eru teknir úr á sýnatökudeginum, skal koma fram í réttu hlutfalli í sýnunum. Ef fleiri en 50 000 egg frá einum hópi eru í útungunarvélunum skal taka annað sýni hjá þeim hópi.

Sýnið skal a.m.k. samanstanda af:

- a) einu samsettu sýni af sýnilega óhreinum klæðningum úr eggjagrindum sem tekið er af handahófi úr fimm aðskildum útungunarbökkum eða stöðum í útungunarvélinni, þannig að alls séu tekin sýni af a.m.k. 1 m<sup>2</sup>; ef útungunaregg úr einhverjum hópi undaneldisfugla eru í fleiri en einni útungunarvél skal þó taka samsett sýni úr allt að fimm útungunarvélum, eða
- b) einu sýni af a.m.k. 900 cm<sup>2</sup> yfirborðsfleti alls, sem er tekið með einum eða fleiri rökum sýnatökuklútum (e. fabric swab) af öllum yfirborðsfletinum á botninum í a.m.k. fimm eggjagrindum þegar allir kjúklingarnir hafa verið fluttir á brott eða úr dúni af fimm stöðum, þ.m.t. af gólfinu, úr allt að fimm útungunarvélum með útunguðum eggjum frá hópnum, og það skal tryggt að a.m.k. eitt sýni sé tekið úr hverjum hópi sem eggin komu úr, eða
- c) tíu grömmum af brotinni eggjaskurn, sem tekin er úr a.m.k. 25 mismunandi eggjagrindum (þ.e. 250 g upphaflegt sýni) úr allt að fimm útungunarvélum með útunguðum eggjum úr hópnum og sem er mulin og blandað saman og skipt í 25 g undirsýni til prófunar.

Fylgja skal verklagsreglunum sem lýst er í a-, b- og c-lið við sýnatöku að frumkvæði stjórnandans, sem og við opinbera sýnatöku. Ekki er skylt að telja með útungunarvél með eggjum frá mismunandi hópum ef a.m.k. 80% eggjanna eru í öðrum útungunarvélum sem sýni eru tekin úr.

### 2.2.2. Sýnataka á bújörðinni

#### 2.2.2.1. Venjubundin sýnataka að frumkvæði stjórnanda

Teikin sýni skulu einkum samanstanda af saursýnum og skal markmiðið vera að greina 1% algengi innan hóps með 95% öryggismörkum. Til að þetta náist skulu sýnin mynduð úr einu af eftirfarandi:

- a) Blönduðu driti, sem er samsett úr aðskildum sýnum úr fersku driti sem hvert vegur a.m.k. 1 g og sem eru tekin af handahófi af nokkrum mismunandi svæðum í húsinu þar sem hópurinn er haldinn, eða, ef hópurinn hefur frjálst aðgengi að fleiri en einu húsi á tiltekinni bújörð, úr hverri húsaþyrpingu á bújörðinni þar sem hópurinn er haldinn. Safna má saman driti til greiningar í a.m.k. 2 safnsýni.

Fjöldi þeirra staða þar sem taka skal mismunandi saursýni til að búa til safnsýni skal vera sem hér segir:

Fjöldi fugla í hópnun	Fjöldi saursýna sem skal taka í hópnun
250–349	200
350–449	220
450–799	250
800–999	260
1 000 eða fleiri	300

b) Sýnatökuyfirhlífa- og/eða ryksýni:

Sýnatökuyfirhlífar, sem notaðar eru, skulu vera nægilega gleypnar til að sjúga í sig raka. Einnig má nota „sokka“ úr grisjuhólki í þessum tilgangi.

Væta skal yfirborð yfirhlífanna sem nota á til sýnatöku með viðeigandi þynningarvökva (s.s. 0,8% natríumklóríði og 0,1% peptóni í dauðhreinsuðu, afjónuðu vatni, eða dauðhreinsuðu vatni eða hvers kyns öðru þynningarefni sem lögbært yfirvald samþykkir).

Sýnin skulu tekin með því að ganga um húsið eftir leið sem skilar dæmigerðum sýnum fyrir alla hluta hússins eða viðkomandi svæði. Þetta skal einnig ná til svæða sem eru þakin undirburði og svæða með rimlum, að því tilskildu að öruggt sé að ganga á rimlunum. Sýnataka skal ná til allra stífa í húsinu. Þegar sýnatöku er lokið á tilteknu svæði skal taka yfirhlífar, sem notaðar voru til sýnatöku, varlega af til að forðast að efni, sem loðir við þær, losni af þeim.

Sýnin skulu samanstanda af:

- i. fimm pörum af yfirhlífum, sem notaðar voru til sýnatöku, sem hvert um sig skal svara til u.þ.b. 20% af flatarmáli hússins; safna má sýnunum saman til greiningar í a.m.k. tvö safnsýni, eða
  - ii. a.m.k. einu pari af yfirhlífum, sem notaðar voru til sýnatöku, sem svara til alls hússins ásamt ryksýni til viðbótar sem safnað var af mörgum stöðum um allt húsið, af yfirborðsflötum sem voru sýnilega rykugir. Nota skal einn eða fleiri rakan sýnatökuklút til að safna þessu ryksýni af a.m.k. 900 cm<sup>2</sup> heildaryfirborðsfleti.
- c) Í hópum undaneldisfugla í búrum geta tekin sýni samanstæðið af eðlilega blönduðu driti af færíböndum sem fjarlægja drit, af sköfum eða úr djúpum dritkjöllurum, eftir því um hvers konar hús er að ræða. Safna skal tveimur sýnum sem vega a.m.k. 150 g og prófa sýnin hvort fyrir sig:
- i. af færíböndum fyrir drit undir hverri röð búra, sem eru látin ganga reglulega og losa dritið inn í snigil eða á færibandakerfi,
  - ii. dritkjallarakerfi, þar sem drit er skafið niður í djúpan kjallara undir húsinu af sérstökum plötum (e. deflectors) sem eru undir húsinu,
  - iii. dritkjallarakerfi í húsi með búrum sem er raðað í tröppugang þannig að engin búr eru fyrir ofan önnur og dritið fellur beint ofan í kjallarann.

Í hverju húsi eru venjulega raðir af búrum á mörgum hæðum. Í heildarsafnsýninu skal vera blandað drit úr hverjum stafla. Taka skal tvö safnsýni fyrir hvern hóp eins og lýst er í þriðja til sjötta undirlið hér á eftir:

Ef um er að ræða færribanda- eða sköfukerfi skal láta þau ganga á sýnatökudeginum áður en sýnin eru tekin.

Ef um er að ræða kerfi þar sem sérstakar plötur eru undir búrum og sköfum skal safna blönduðu driti sem hefur safnast á sköfuna eftir að kerfið hefur verið látið ganga.

Ef um er að ræða kerfi með búrum sem er raðað í tröppugang og færriband eða sköfukerfi er ekki fyrir hendi er nauðsynlegt að safna blönduðu driti á mörgum stöðum úr dritkjallaranum.

Kerfi með færriböndum fyrir drit: taka skal safnsýni úr saurefni við endann á færriböndunum þar sem dritið er losað.

#### 2.2.2.2. Opinber sýnataka

a) Venjubundin sýnataka skal fara fram eins og lýst er í lið 2.2.2.1.

b) Sýnataka til staðfestingar í kjölfar greiningar á viðkomandi salmonellu úr sýnum frá útungunarstöðinni skal fara fram eins og lýst er í lið 2.2.2.1. Taka má viðbótarsýni til prófunar á því hvort notuð hafi verið sýklalyf eða sýkklahemjandi efni á eftirfarandi hátt: taka skal fugla af handahófi úr hverju alifuglahúsi á býlinu, að öllu jöfnu allt að fimm fugla úr hverju húsi, nema yfirvaldið telji nauðsynlegt að taka sýni úr fleiri fuglum. Ef upptök sýkingarinnar eru óstaðfest skal prófa fyrir sýklalyfjum eða gera nýja bakteríufræðilega prófun með tilliti til salmonellu í hópnum eða afkvæmum hans, áður en viðskiptahöftum er aflétt. Ef sýklalyf eða sýkklahemjandi efni greinast skal lítið svo á að salmonellusýkingin sé staðfest.

c) Tilvik þar sem grunur er um smit

Í undantekningartilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur ástæðu til að efast um niðurstöðurnar (falsjávæðar eða falsneikvæðar niðurstöður) getur það ákveðið að endurtaka prófanirnar í samræmi við b-lið.

### 3. RANNSÓKN Á SÝNUM

#### 3.1. Undirbúningur sýnanna

##### 3.1.1. Klæðningar úr eggjagrindum:

- setja skal sýnin í 1 lítra af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita og blanda varlega saman,
- ræktun sýnisins er haldið áfram með greiningaraðferðinni sem lýst er í lið 3.2.

##### 3.1.2. Sýni af yfirhlífum og ryksýni:

- Taka skal yfirhlífa-/sokkparið/-pörin, sem notað var eða notuð voru til sýnatöku, og ryksýnið (sýnatökuklútur) varlega upp til að saurefni eða laust ryk, sem loðir við þau, losni ekki og setja þau í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita. Jafnaða peptónvatnið skal fljóta alveg yfir sýnatökuyfirhlífarnar og taupinnana til að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu og því má bæta við meira af jöfnuðu peptónvatni ef nauðsyn krefur. Sýnatökuyfirhlífarnar og sýnatökuklúturnir skulu undirbúin hvor í sínu lagi.
- Þegar fimm pör af sýnatökuyfirhlífum eru sett saman í tvö safnsýni skal setja hvort safnsýni í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni, eða meira ef nauðsyn krefur, til að það fljóti yfir sýnið og til að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu.
- Sýninu skal snúið í hringi svo að það mettist til fulls og halda skal ræktun áfram með greiningaraðferðinni sem lýst er í lið 3.2.

### 3.1.3 Önnur sýni úr saurefni:

- a) Saurýni skal hópa og blanda vandlega saman og taka úr blöndunni 25 g undirsýni til ræktunar.
- b) Bæta skal 25 g undirsýninu við 225 ml af jöfnuðu peptónvatni sem hefur verið hitað að stofuhita.
- c) Ræktun sýnisins skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina sem lýst er í lið 3.2.

Ef samþykktir ISO-staðlar fyrir undirbúning viðkomandi sýna til að greina salmonella liggja fyrir skal nota þá í stað framangreindra ákvæða um undirbúning sýna.

### 3.2. Greiningaraðferð

Greining á *Salmonella* spp. skal gerð í samræmi við 1. breytingu á EN/ISO 6579-2002/Amd1:2007. „Microbiology of food and animal feeding stuffs – Horizontal method for the detection of *Salmonella* spp. – Breyting 1: Viðauki D: Detection of *Salmonella* spp. in animal faeces and in environmental samples from the primary production stage“.

Að því er varðar sýnin af sýnatökuyfirhlífum, ryksýnin og önnur sýni úr saurefni, sem um getur í lið 3.1, er mögulegt að hópa ræktuð sýni í auðguðu vökvaeti með jöfnuðu peptónvatni til ræktunar síðar Til þess skal rækta bæði sýnin í jöfnuðu peptónvatni eins og venjulega. Taka skal 1 ml af vökvaeti úr hverju sýni og blanda vandlega saman og taka síðan 0,1 ml af blöndunni og sá í skál með umbreyttu, hálföstu Rappaport-Vassiladis æti (MSRV)) með venjubundinni aðferð.

Ekki skal hrista sýni í jöfnuðu peptónvatni, eða hringsnúa því eða róta því til á annan hátt eftir ræktun því það leysir úr læðingi letjandi agnir og dregur úr síðari aðgreiningu í umbreyttu, hálföstu Rappaport-Vassiladis æti.

### 3.3 Sermigerðargreining

Að minnsta kosti eitt einangur úr hverju sýni með jákvæða svörun skal greint samkvæmt Kaufmann-White kerfinu.

## 4. NIÐURSTÖÐUR OG SKÝRSLUGJÖF

Hópur undaneldisfugla telst sýktur þegar verið er að sannreyna hversu vel miðar að ná markmiði Bandalagsins ef staðfest er að viðkomandi salmonella (ef ekki er um að ræða bóluefnisstofna) hafi greinst í einu eða fleiri sýnum (eða ef fyrir liggur opinber staðfesting annars aðila í aðildarríkinu vegna viðkomandi saursýna eða sýna úr líffærum úr fuglum) sem tekin voru á bújörðinni, jafnvel þótt salmonella hafi einungis greinst í ryksýninu. Þetta á ekki við um undantekningartilvik þegar grunur leikur á um sýkingu í hópi undaneldisfugla ef greining á salmonella á bújörðinni að frumkvæði stjórnandans var ekki staðfest með opinberri sýnatöku.

Einungis skal telja sýktan hóp einu sinni vegna hagskýrslugerðar, sama hversu oft salmonella hefur greinst í hópnum á meðan á framleiðsluferlinu stendur.

Í skýrslunni skal koma fram:

- a) nákvæm lýsing á þeim aðferðum sem notaðar voru fyrir sýnatökuáætlanir og gerð sýnanna sem tekin voru, eftir því sem við á,
- b) fjöldi hópa undaneldisfugla sem til eru og fjöldi hópa sem voru prófaðir,
- c) niðurstöður prófana
- d) skýringar á niðurstöðum, einkum að því er varðar undantekningartilvik.”